



Ávarp formanns Félagsráðgjafafélags Íslands

María Rúnarsdóttir



María Rúnarsdóttir,
formaður Félagsráðgjafafélags Íslands

Tilgangur félagsráðgjafar er að sporna við félagslegu ranglæti og vinna gegn mannréttindabrotum. Ég vil nota tækifærið og hvetja félagsráðgjafa til þess að rýna vandlega hvernig staðið er að þjónustu og stuðningi við fólk í öllum þeim málaflokkum sem þeir vinna við. Félagsráðgjafar þekkja hvar skórin kreppir hverju sinni og út frá þekkingu sinni og reynslu geta þeir oft dregið ályktanir um hvaða afleiðingar breytingar á þjónustu hafi fyrir þá sem þurfa á henni að halda. Á tímum aukinnar kröfu um skilvirkni, hagræðingu og gagnsæi stjórnsýslulegra ákvarðana er enn mikilvægara að félagsráðgjafar séu gagnrýnir á þróun þjónustunnar og leiti allra mögulegra leiða til þess að tryggja að þeir geti ávallt veitt sem besta faglega þjónustu, góða félagsráðgjöf. Félagsráðgjafar hafa alla tíð haft mikil áhrif á þróun íslensks velferðarsamfélags, hvort heldur um er að ræða þróun nýrrar þjónustu og úrræða eða opinbera stefnumörkun, í sveitarfélögum og á landsvísi. Við félagsráðgjafar þurfum að halda vöku okkar í málsvarahlutverkinu og gæta að þætti okkar í stefnumörkun, því að við höfum áhrif. Nýtum þau og nýtum þau vel.

Síðastliðið sumar komust málefni flóttafólks í hámmáli þegar þúsundir flúðu heimabyggðir sínar og freistuðu þess að komast til Evrópu. Félagsráðgjafafélag um allan heim sendu ákall til stjórnvalda um að koma flóttafólki

til aðstoðar með mannúð og mannréttindi að leiðarljósi. Lögðust félagsráðgjafar víða í Evrópu á eitt með sjálfbodaliðum og félagasamtökum til að tryggja flóttafólki neyðaraðstoð, fæði og húsnæði, félagsráðgjöf og stuðning eftir atvikum. Í þeim samfélagsaðstæðum sem nú eru uppi er mikilvægt að við höfum í heiðri tilgang félagsráðgjafar og vinnum gegn mannréttindabrotum. Við sjáum þess þegar merki víða um heim að stjórnvöld taka ákvarðanir sem leiða til mannréttindabrota. Því verðum við að mótmæla. Fagdeild fjölmenningsfélagsráðgjafa hefur verið í forystu umræðunnar um málefni flóttafólks á Íslandi og hefur meðal annars bent á aðstoðumun þeirra sem fá viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttafólk og þeirra sem koma í boði ríkisstjórnarinnar. Ég vil þakka fagdeildinni fyrir frumkvæðið sem hún hefur sýnt í vetur og hlakka til að fylgjast með starfi deildarinnar á næsta vetri.

Á síðastliðnum árum hefur stjórn félagsins lagt áherslu á að auka þátttöku félagsráðgjafa í ráðstefnum, erlendum sem innlendum. Þriðja Félagsráðgjafafingrið var haldið nú í febrúar og í ár tóku um 340 manns þátt í deginum sem er orðin árleg uppskeruhátíð félagsráðgjafar á Íslandi. Félagsráðgjafar leituðu einnig þekkingar utan landsteinanna. Um sextíu íslenskir félagsráðgjafar tóku þátt í Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa sem haldin var í Edinborg í september 2015, og voru átta Íslendingar með málstofur. Við ráðstefnuslitin bauð formaður Félagsráðgjafafélags Íslands evrópska félagsráðgjafa velkomna til Íslands á Evrópuráðstefnunna sem



Stjórn Evrópuedeildar Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa, IFSW Europe.



Stjórn og starfsmaður FÍ kynnr ráðstefnugestum í Edinborg, IFSW Europe ráðstefnunna á Íslandi 2017.

haldin verður í Hörpu dagana 28. til 30. maí 2017 undir yfirskriftinni *Marginalisation and Social Work in a Changing Society*. Undirbúningur ráðstefnunnar er hafinn og hefur verið kallað eftir útdráttum frá öllum aðildarfélögum Evrópu-eildar félagsráðgjafa (IFSW Europe). Svona stór ráðstefna verður ekki undirbúin nema að henni komi stór hópur félagsmanna sem er tilbúinn til að leggja sitt af mörkum til að gera hana sem glæsilegasta. Ég hvet alla félagsráðgjafa til þess að taka virkan þátt í Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa árið 2017 og stuðla að því að ráðstefnan á Íslandi verði sem vegglegust. Allar upplýsingar má finna á vefsetri ráðstefnunnar (<http://ifsw europe2017.yourhost.is/>).

Kjaraviðræður Félagsráðgjafafélagsins

Starfsemi Félagsráðgjafafélags Íslands hefur síðastliðin þrjú ár einkennst mjög af kjaraviðræðum. Félagið hóf undirbúning kjaraviðræðna árið 2013. Þá fjölluðu félagsmenn um álag í störfum félagsráðgjafa í ljósi niðurstaðna rannsóknar sem kom út árið 2012 og sýndi að fjölmargir félagsráðgjafar voru með einkenni kulnunar. Ákvað kjaranefnd að vinna viðmið um mála fjölda með félagsmönnum, og var leitað til norrænna og breskra félagsráðgjafafélaga til að byggja vinnuna á. Haustið 2013 stóð kjaranefnd fyrir kjararáðstefnu þar sem kröfur félagsráðgjafa voru mótaðar með félagsmönnum.

Í janúar 2014 hófust kjaraviðræður sem síðan hafa staðið því sem næst sleitulaust. Á vormánuðum var skrifað undir stutta kjarasamninga við Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Samningurinn við Reykjavíkurborg fól í sér umfangsmikla endurskoðun á starfsmati en samningurinn við Samband íslenskra sveitarfélaga fól í sér lagfæringar á launatöflu auk almennra launahækkana. Ekkert gekk hins vegar í samningaviðræðum við ríkið. Undir sumar var ákveðið að gera vopnahléssamning og hefja viðræður aftur í lok árs 2014. Enn gengu kjaraviðræður við ríkið afar illa. Ákvaðu aðildarfélög BHM að fara í verkfall til að freista þess að knýja fram kröfur sínar um að menntun skuli metin til launa. Hófst allsherjarverkfall hinn 9. apríl með þátttöku um þrjú þúsund félagsmanna. Aðildarfélög BHM stóðu saman að verkfallsaðgerðum þar sem ákveðnir hópar lögðu niður störf á mismunandi tímabilum en öll félögin lögðu fjármagn í sameiginlegan verkfallssjóð. Ekki kom til þess að félagsráðgjafar legðu niður störf nema þennan hálfan dag í apríl. Þrátt fyrir harðar verkfallsaðgerðir náðist ekki niðurstaða í kjaraviðræður við ríkið. Hinn 13. júní 2015 stöðvaði Alþingi verkfallið með lagasetningu og kváðu lögin




Verkfall BHM félaga sem starfa hjá ríkinu vorið 2015.

jafnframt á um að skipuð yrði sérstök nefnd, gerðardómur, sem ákveða skyldi kjör háskólamanna. Gerðardómur kynnti niðurstöðu sína í ágúst 2015, og gildir ákvörðun dómsins til ágústloka 2017 þegar félögin geta loks samið um kjör sín á ný. Í niðurstöðu gerðardóms var, auk almennra launahækkana, ákvæði um hvernig meta skuli menntun til launa en enn er ekki komin niðurstaða í það hvernig þetta ákvæði á að koma til framkvæmda í stofnanasamningum.

Kjarasamningar við Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga losnuðu enn á ný í september 2015 en illa gekk að fá samningafundi vegna afar erfiðra aðstæðna á íslenskum vinnumarkaði. Aðilar vinnumarkaðarins leituðu leiða til þess að koma á friði eftir tíðindamikið vor þar sem fjöldi félaga boðaði til verkfalla og mörg hver, líkt og aðildarfélög BHM, lögðu niður störf. Aðilar vinnumarkaðarins, aðrir en BHM og KÍ, skrifuðu undir rammisamkomulag í lok október 2015 sem hafði það að markmiði að koma á jafnvægi á íslenskum vinnumarkaði með launastefnu til ársloka 2018. Aðildarfélögum BHM þótti of margt óljóst í samkomulaginu og var því ákveðið að skrifa ekki undir.

Í desember 2015 skrifaði Félagsráðgjafafélag Íslands undir nýjan kjarasamning við Reykjavíkurborg, og gildir hann út mars 2019. Eftir langar viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga var loks skrifað undir kjarasamning 21. mars 2016. Felur hann í sér upptöku starfsmats á samningstímanum.

Með undirritun kjarasamnings við Samband íslenskra sveitarfélaga í mars má segja að náðst hafi niðurstaða í langt samningaferli sem staðið hefur nær samfellt í rúm tvö ár. Enn eru óunnin þó nokkur verkefni í tengslum við samningana og hvetjum við félagsmenn til þess að fara vandlega yfir kjör sín með hliðsjón af kjarasamningum.



IFSW EUROPEAN CONFERENCE 2017

REYKJAVÍK - ICELAND / 28-30 MAY



Welcome to Reykjavík to the IFSW European Conference 2017

IFSW Europe and the Icelandic Association of Social Workers are pleased to invite you to the IFSW European Conference which will take place in Reykjavík in May 2017.

We hope that the theme of the conference will encourage social workers from all over Europe to engage in a stimulating professional discussion on how social work is evolving with new groups being marginalized in Europe in the changing society of the 21st Century. Other indicative themes are Mental Health Care, Human Rights, Families, Prevention and early Intervention, Social work and the Educational system, Social work without borders- Immigrants, Challenges in Social work with people with Disabilities, Substance misuse, Homeless people, Social work with Elderly people and Disaster Social work.

The venue for the Conference is Harpa, a new conference center and concert hall in the heart of Reykjavík, located on the harbour front.

We hope that the IFSW European Conference 2017 in Reykjavík will be a stimulating event with an interesting and challenging professional program with exciting workshops and field visits in the fields of social work practice, policy making and research, providing an opportunity for social workers to share their experiences.

We are looking forward to meeting you in Reykjavík!

María Rúnarsdóttir

María Rúnarsdóttir,
President of the Icelandic Association of Social Workers

ifsw europe2017.yourhost.is

ifsw2017@yourhost.is

Félagsráðgjafaping komið til að vera

Stór hluti stéttarinnar tók þátt í líflegum umræðum um þau verkefni sem við blasa nú og á næstu árum

Pröstur Haraldsson



Pröstur Haraldsson,
blaðamaður

Félagsráðgjöfum er fátt manlegt óviðkomandi. Það sýndi sig glögg á *Félagsráðgjafapingi* sem haldið var í þriðja sinn 19. febrúar síðastliðinn á Hótel Hilton Nordica. Þar kom vel á þriðja hundrað félagsráðgjafa saman og fylgdist með umræðum og fyrirlestrum í 15 málstofum. Málshefjendur og umræðustjórar voru liðlega 60 talsins – allt félagsráðgjafar – og umræðuefnin æði fjölbreytt.

María Rúnarsdóttir formaður undirbúningsnefndar setti þingið og gaf orðið fyrst breskum aðalfyrirlesara. Hún heitir Beth Anderson og er yfirmaður rannsókna hjá *Social Care Institute of Excellence (SCIE)*, stofnun sem fylgist með rannsóknum á framkvæmd og gæðum félagsþjónustu í Bretlandi og stendur sjálf fyrir slíkum rannsóknum. Erindið fjallaði um verkefni sem nefnist *Looked after Children* og snýst um að styðja ungt fólk við að nýta sér þá þjónustu sem það á rétt á, og gera kröfur um að gæði hennar séu boðleg.

Það sem einkum höfðaði til íslenskra áheyrenda var greinilega umfjöllun hennar um notendasamráð. Þar lýsti hún vel þeim leiðum sem farnar eru í Bretlandi

til að laða fram vilja og þarfir ungs fólks sem nýtir sér þjónustu félagsráðgjafa. Þetta er ekki síst mikilvægt á þeim niðurskurðartímum sem nú eru í Bretlandi (og víðar) þegar stofnanir reyna hvað þær komast upp með að spara og stytta sér leiðir í veittri þjónustu.

Frá börnum til gamalmenna

Svo hófust málstofurnar og þátttakendur leituðu uppi þá fyrirlestra og umræður sem höfðuð mest til hvers og eins. Yfirskrift þingsins var *Félagsráðgjöf – Þróun og gæði*, sem spannar óneitanlega vítt svið. Enda fjölluðu málstofurnar um allt frá barnavernd til öldrunarmála, um þjónustu við fatlaða, starfsendurhæfingu, heimilisofbeldi, meðferðarvinnu, siðfræði, forvarnir, rannsóknir, fagþróun og fagvitund og er þá ekki allt upptalið.

Sá sem þetta ritar hafði mestan áhuga á málstofum um flóttamenn og innflytjendur og þar voru þrjár stofur opnar. Í einni var fjallað um félagsþjónustu sveitarfélaga við hælisleitendur, í annarri um menningarläsi í skólafélagsráðgjöf og þeirri þriðju um félagsráðgjöf með flóttafólki og skuggahliðar nútíma fólksflutninga. Í þeirri síðastnefndu var vakin athygli á því sem flestum er ljóst að það er misjafn sauður í mörgu fé, og því miður sjá margir sér leik á borði við að hagnýta sér neyð





Milli erinda gafst gott tækifæri til umræðna

Þess fólks sem hrakist hefur frá heimilum sínum. Það féll vel að fréttum sem þá voru efstar á baugi af mansali sem átti sér stað í Vík í Mýrdal.

Þjóðflutningarnir fyrirferðarmiklir

Greinilegt var að áhugi margra þátttakenda beindist að málefnum hælisleitenda og annars flóttafólks enda hefur því snarfjölgað hér sem annars staðar í álfunni á undanförunum misserum. Líktu margir þeim straumi við þjóðflutninga. Áhuginn reyndist svo mikill að undirbúningsnefndin ákvað að skjóta inn í dagskrána aukamálstofu um málefni flóttafólks. Þar voru umræður miklar og margar reynslusögur sagðar af starfi með flóttafólki. Í lokin var svo efnt til heilaroks þar sem fundargestir settu fram hugmyndir sínar um hvað helst þyrfti að gera til þess að mæta því aukna álagi sem við blasir. Margar hugmyndir fóru þar á loft enda ljóst að þær starfsstéttir eru ekki margar sem eiga í nánari samskiptum við þessa nýju Íslendinga sem nú berja að dyrum.

Þessar hugmyndir má sjá hér til hliðar, en nú blasir það verkefni við stjórn Félagsráðgjafafélagsins að fylgja þessu heilaroki eftir með þrýstingi á stjórnvöld um viðeigandi og snör viðbrögð við að taka á móti þeim straumi fólks sem hingað berst og leitar ásjár.

Meiri rannsóknir

Milli málstofa sameinuðust gestir þingsins yfir kaffibolla og matarbita og báru saman bækur sínar um það sem helst var á döfinni. Félagsráðgjafafingir lauk svo í glænýjum hliðarsal hótelsins sem áður hýsti bankaútibú, og gafst þar færi á enn meiri samræðum og samskiptum meðan fólk gæddi sér á léttum veitingum. Þar var einnig úthlutað styrkjum úr svonefndum B-hluta Vísindasjóðs Félagsráðgjafafélagsins.

Á það má kannski líta eins og aðferð þingsins til þess að viðhalda sjálfu sér því fyrir þessa styrki verða



Beth Anderson hélt erindi á þinginu.

væntanlega gerðar rannsóknir sem koma til umfjöllunar í málstofum framtíðarinnar. Ekki veitir af. Það var nokkuð algengt að heyra þátttakendur kvarta undan því að hitt og þetta væri lítt þekkt vegna þess að engar rannsóknir hefðu verið gerðar. Vonandi verða rannsóknir eflar og þá er árlegt Félagsráðgjafafing kjörinn vettvangur til að miðla nýjum fróðleik til stéttarinnar.

Hvað ber að gera – núna?

Á Félagsráðgjafafinginu í febrúar urðu miklar umræður um málefni flóttafólks. Skotið var á sérstakri málstofu þar sem félagsráðgjafar ræddu um þessi efni og lauk henni með einskonar heilaroki þar sem fundarmenn vörpuðu fram hugmyndum um hvað brýnast væri að gera til þess að auðvelda móttöku flóttafólks og gera líf þess bærilegra meðan beðið er úrskurðar um dvalarleyfi og eftir að það er fengið. Hér eru nokkur atriði:

- Neyðaraðgerðaáætlun vegna aukins fjölda hælisleitenda árið 2016 (búist við allt að 800 manns sækir um hæli)
- Miðstöð útlendingamála sett á laggirnar
- Stefnumótun ráðuneyta
- Uppbygging þekkingar og færni starfsmanna, tryggja þjálfun þeirra
- Jafna aðstöðumun á milli kvótaflóttamanna og hælisleitenda
- Efling rannsókna og nýting sérþekkingar
- Gæðamat á því starfi sem unnið hefur verið
- Samráð við notendur þjónustunnar
- Kortlagning þarfa flóttafólks
- Handleiðsla starfsfólks þvert á sveitarfélög

Með þetta í veganesti var stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands send á fund ráðherra innanríkis- og velferðarmála.

Fréttir frá Félagsráðgjafardeild HÍ

Félagsráðgjafardeild er ein sex deilda á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Nemendur deildarinnar eru um 430 talsins, þar af um fjórðungur í framhaldsnámi. Við deildina starfa rúmlega tuttugu fastráðnir kennarar, prófessor, dósentar, lektorar og aðjúnktar, í 10–100% starfshlutföllum. Auk þess starfa við deildina fjölmargir stunda- og starfsþjálfunarkennarar.

Deildin er eina háskóladeildin á Íslandi þar sem kennd er félagsráðgjöf. BA-nám í félagsráðgjöf er þriggja ára nám (180e) en ljúka þarf tveggja ára MA-námi til viðbótar (120e) til að geta sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf.

Auk BA-náms í félagsráðgjöf er í boði diplómanám, meistaranám og doktorsnám.

Nú eru kenndar sex mismunandi diplómanámsleiðir við deildina, þar af tvær nýjar, diplómanám í handleiðslu og diplómanám í starfsendurhæfingu. Í handleiðslunáminu er lögð áhersla á að kenna nemendum að beita kerfisnálgun og dýnamískri sýn á samskipti milli einstaklinga og faghópa og í stofnanasamstarfi. Að námi loknu eiga þeir að geta unnið sjálfstætt að handleiðslu. Í starfsendurhæfingarnáminu er markmiðið að koma til móts við þarfir fyrir sérhæfða þekkingu og færni á sviði starfsendurhæfingar og styrkja fræðilegan grunn nemenda. Námið er hagnýtt og er ætlað einstaklingum úr ýmsum faggreinum sem vinna við ráðgjöf, meðferð, kennslu og stuðningsþjónustu á sviði

starfsendurhæfingar og tengdra greina. Að náminu standa sameiginlega Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Aðrar diplómanámsleiðir sem kenndar eru við deildina eru diplómanám í fjölmenningu og fjölbreytileika, diplómanám í öldrunarþjónustu, diplómanám á sviði áfengis- og vímuefnamála og diplómanám í barnavernd.

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní fyrir diplómanám. Það fæst síðan metið inn í meistaranám við deildina.

Í meistaranáminu er áhersla lögð á rannsóknir og ritun fræðilegra ritgerða eða greina. Auk MA-náms til starfsréttinda eru námsleiðir í meistaranámi deildarinnar rannsóknartengt MA-nám í félagsráðgjöf, MA-nám í öldrunarfræðum, norrænt meistaranám í öldrunarfræðum (NordMaG), sem fram fer í samstarfi við þrjá norræna samstarfsskóla, og MA-nám í fjölskyldumeðferð. Flestar námsleiðanna í meistaranáminu er þverfræðilegar og því opnar fleirum en félagsráðgjöfum.

Nánari upplýsingar um námsleiðirnar má finna á vefsetri deildarinnar (www.felagsradgjof.hi.is).

*Sigurveig H. Sigurðardóttir, PhD,
deildarforseti Félagsráðgjafardeildar HÍ*

Starfsemi Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd (RBF)

Starfsemi RBF var í föstum farvegi síðastliðið ár og ný verkefni unnin, kynnt og birt. Í árslok reyndist reksturinn ekki standa undir launagreiðslum fyrir heilt stöðugildi og ákvað Elísabet Karlsdóttir, framkvæmdastjóri RBF til fimm ára, að segja starfi sínu lausu frá 15. janúar 2016. Við þau umskipti ákváðu Félagsráðgjafardeild, formaður stjórnar RBF og framkvæmdanefnd RBF að endurskoða rekstrarformið í hagræðingarskyni. Mörkuð var stefna um að þetta samstarfið við Félagsvísindastofnun og efla hlutdeild deildarmanna í rannsóknarverkefnum og annarri starfsemi RBF. Var

Ásdís A. Arnalds verkefnisstjóri hjá Félagsvísindastofnun fengin til að sinna daglegri umsýslu RBF og fylgja þar eftir verkefnum í samstarfi við Félagsráðgjafardeild.

Í maí á þessu ári eru liðin 10 ár frá stofnun RBF. Af því tilefni undirbýr Félagsráðgjafardeild samkomu í Háskóla Íslands þar sem m.a. verður fjallað um hvernig RBF hefur tekist að svara kalli frá vettvangi varðandi þjónustu. Auk þess verður í fyrsta sinn úthlutað úr Sigrúnarsjóði sem var stofnaður á 5 ára afmæli RBF til að efla rannsóknir á sviði félagsráðgjafar.